

Nd.

117. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Allt óræktað land Jófríðarstaða í Hafnarfirði.
2. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Ás í Garðahreppi.
3. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyri í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.
4. Eignar- og afnotarétt þess landsvæðis í Garðahreppi, sem takmarkast þannig: Að norðvestan af beinni línu úr Arnarnesi í Hnoðraholt (hreppsmörk Garðahrepps), að suðaustan af beinni línu úr Hnoðraholti í Miðaftanshól (í landamerkjum Hafnarfjarðarkaupstaðar), að sunnan af bæjarlandi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogs yfir vesturhorn Engidals, þó að undanskildum að minnsta kosti 20 ha. af ræktuðu eða ræktanlegu landi fyrir hvert býli, sem nú er í ábúð á þessu svæði.
5. Jarðirnar Krisuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.

2. gr.

Þegar eignarnámið hefir farið fram, skal ríkisstjórnin selja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn allan kostnað við eignarnámið, bæði til einstakra manna fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, og einnig til hreppsfélaga fyrir þá tekjurýrnum, er þeir kunna að verða fyrir vegna eignarnámsins. Skaðabætur þessar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og sá þriðji af atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt, að því er snertir 1.—4. tölulið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1933 voru borin fram 3 frumvörp, er öll fóru í mjög svipaða átt og þetta og miðuðu að því að bæta úr brýnni og aðkallandi þörf Hafnarfjarðarkaupstaðar á ræktanlegu landi. Um ástæður fyrir þessu frv. má því í aðalatriðum vísa til greinargerða þeirra, er fylgdu þeim frv.

Ástæður hafa í engu verulegu breytt síðan. Áhugi fyrir aukinni ræktun er mikill og almennur í Hafnarfirði, en landið er lítið nærtækt, nema hraun, sem er óræktanlegt með öllu. Jófríðarstaðir, Ás og Hvaleyri eru þær jarðir, sem næst liggja bænum að sunnanverðu, og fylgir þeim öllum allmikið óræktað land, sem vel mætti takast að rækta, og mundi að öllum líkindum þegar hafa verið ræktað, ef Hafnfirðingar hefðu átt þess nokkurn kost. Land þetta er aftur á móti lítið notað af eigendum eða ábúendum þessara jarða, og má því segja, að þeir missi ekki í mikils, þó að það væri af þeim tekið.

Um landsvæði það í Garðahreppi, sem um getur í 4. tölulið 1. gr., er það að segja, að afnotaréttinn að nokkrum hluta þess hefir Hafnarfjarðarbær átt kost á að kaupa, en málið hefir strandað á því, að menn í Hafnarfirði hafa ekki viljað taka þar smábletti upp á þau býti að verða fyrir það útsvarsskyldir í Garðahreppi. Hefir því nú verið tekið upp í frv. ákvæði um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar sem nemur því landi, er þarna getur komið til greina. Um þetta atriði hefir verið reynt að ná samkomulagi við Garðahrepp, en árangurslaust.

Enn er það nýmæli í þessu frv., að Krisuvík í Grindavíkurhreppi og Stóri-Nýibær verði tekinn með. Er það gert með tilliti til þess, að þar eru einu jarðhitasvæðin í nágrenni Hafnarfjarðar. Hafa kaupstaðarbúar mikinn hug á að tryggja sér þau og notfæra á ýmsa lund síðar. Jarðir þessar eru nú lausar úr ábúð og í eyði, svo tíminn yrði aldrei betur valinn en einmitt nú.